

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 10. júní 2014 í máli nr. S-53/2013:

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

*(Bryndís Ósk Jónsdóttir)*

**gegn**

**X**

*(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)*

I

Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl sl., höfðaði lögreglustjórinn á Vestfjörðum með ákæru 12. september 2013 á hendur ákærða; „X, kennitala [...],[...], fyrir brot á áhafnalögum, áfengislögum, siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum, með því að hafa sunnudaginn 22. júlí 2012, sem skipstjóri á skipinu [...], skipaskrárnúmer [...], siglt skipinu um Skutulsfjörð í Ísafjarðardjúpi, án þess að hafa gild réttindi til skipstjórnar, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,5‰) og óhaffæru, vegna ölvunar ákærða og þar sem ekki hafði verið gefið út haffærnisráteini fyrir skipið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 12. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 17. gr., sbr. 25. gr., reglugerðar nr. 175/2008, um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, 1. mgr. 22. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998, 2. og 3. mgr. 238. gr., sbr. 239. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 1. gr. laga nr. 101/2006, og 1. mgr. 9. gr. og 1. og 3. tl. 1. mgr. 17. gr. sbr. 29. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttar til skipstjórnar samkvæmt 1. mgr. 22. gr. áfengislaga og 238. gr. a siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 2. gr. laga nr. 101/2006, og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds en til vara að honum verði gerð vægasta refsing er lög frekast leyfa. Þá er þess krafist að ákærði verði sýknaður af kröfu um sviptingu skipstjórnarréttinda. Loks gerir verjandi kröfu um hæfileg málsvarnarlaun er greiðist úr ríkissjóði, auk virðisaukaskatts á málsvarnarlaun.

II

Samkvæmt skýrslu lögreglu voru lögreglumenn sunnudaginn 22. júlí 2012 í eftirlitsferð og voru að aka suður Kirkjubólshlíð að nalgast flugbrautina þegar þeir veittu athygli bát, sem virtist vélarvana á Sundinu við flugbrautina til móts við

Suðurtanga, nálægt grjótgarði og rak hann inn fjörðinn í átt að grjótgarðinum. Af hálfu lögreglu var þá haft samband við hafnarstjóra, sem þá var um borð í hafnsögubáti að sigla til hafnar, og hann beðinn að athuga með ástand bátsins. Báturinn var tekinn í tog af hafnsögubáti og hann dreginn til hafnar þar sem lögreglumenn tóku á móti bátnum við flotbryggju. Báturinn reyndist vera [...], með skipaskráningarnúmer [...]. Ákærði var um borð í bátnum ásamt vitnunum A og B. Auk þeirra var dóttir A og dóttir og sonur B um borð. Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi sagt að vél bátsins hafi brætt úr sér. Hann hafi verið sjáanlega ölvaður en kvaðst aðspurður ekki vera undir áhrifum áfengis og neitaði að gefa öndunarsýni. Ákærði varð eftir um borð þegar farþegarnir fóru í land. Hann neitaði að koma í land til að ræða við lögreglu og var reiður og pirraður yfir afskiptum lögreglu. Áður en hægt var að stöðva ákærða fór hann í stýrishús bátsins og drakk botnfylli af glærum vökva úr plastflösku og hafi verið sterk spíralykt úr flöskunni. Í kjölfar þessa var ákærði handtekinn og blóðsýni tekin úr honum. Þá segir í skýrslu lögreglu að þar sem ekki sé þörf á skipstjórnarréttindum eða tryggingum fyrir báta undir sex metrum hafi báturinn verið mældur gróflega og reyndist hann vera 6,72 metrar á lengd.

Meðal framlagðra gagna er upplýsingaskýrsla, dagsett 14. janúar 2013, vegna skipstjórnarréttinda ákærða. Þar kemur fram að lögregla hafi haft samband við C, [...] Siglingastofnunar á Ísafirði, með tölvupósti og spurt hann um réttindi ákærða. Svar hafi borist frá C 11. desember 2012 auk upplýsinga úr sjóferðabók ákærða. Þar komi fram nokkrar skráningar sem styðji frásögn ákærða hjá lögreglu um að hann hafi réttindi á bát allt að 30 brúttólestir, svokallað pungapróf. Kemur fram í skýrslunni að í sjóferðabók komi fram að ákærði hafi á árunum 1983 til 1984 verið yfirstýrimaður á nokkrum bátum og á árinu 1994 verið bæði skipstjóri og yfirstýrimaður.

Þá liggur fyrir skýrsla lögreglu um skoðun á báti ákærða, [...]. Þar kemur fram að við skoðun á bátnum hafi ákærði tjáð lögreglu að allt um borð væri eins og það var þegar lögregla hafði afskipti af honum. Þá sagði hann engan björgunarbúnað vera um borð. Við skoðun reyndist ekki vera björgunarbátur um borð né heldur björgunarvesti, bjarghringir eða nokkur björgunarbúnaður. Þá segir í skýrslunni að samkvæmt skoðunarlista Siglingastofnunar vegna skemmtibáta eigi að vera um borð seguláttaviti GPS, VHF-talstöð, vasaljós, akkeri og legufæri og þjófþáni. Í skýrslunni segir að annað sem upptalið sé sem neyðar- eða annar skyldubúnaður á listanum hafi ekki verið um borð. Þá liggur fyrir nefndur skoðunarlisti Siglingastofnunar.

Skýrsla var tekin af ákærða sama kvöld og hann var handtekinn. Hann sagði A hafa beðið hann um að fara með sig, B, og börn þeirra, í eina bátsferð frá flotbryggjunni við Pollinn að flotbryggjunni við Sundahöfn. Hann sagði bátinn hafa verið í haffæru ásikkomulagi áður en sigling hófst og hafi verið alltaf síðan hann fór á flot. Hann kvaðst ekki hafa neytt neins áfengis áður en sigling hófst en hafa kvöldið áður drukkið 6-8 bjóra og um tvær flöskur af hvítvíni. Þá kvaðst hann ekki hafa neytt neins áfengis á meðan á siglingu stóð. Varðandi aðdraganda þess að báturinn drap á sér kvaðst hann hafa verið að koma út fyrir síðasta siglingamerkið á fyrirhugaðri siglingaleið að Sundahöfn þegar vél bátsins drap á sér. Hann kvaðst ekki hafa áður orðið var við bilun í vélinni. Hann hafi þá athugað hvort akkerið væri klárt, kallað í tilkynningaskylduna og tilkynnt að báturinn væri orðinn vélarvana. Hann hafi svo verið dreginn til hafnar af hafnsögubátum. Hann taldi

Þau aldrei hafa verið í neinni hættu. Hann hafi sjálfur stjórnað bátnum á siglingunni og kvaðst vera með gild 30 tonna réttindi. Eftir að báturinn var kominn í tog kvaðst hann hafa fengið sér sjúss og drukkið tvo til þrjá sopa af hvítvíni sem hann bruggaði sjálfur. Það hafi verið 8-9% og hafi hann geymt það í Sprite-flösku. Aðspurður neitaði hann því að hafa drukkið áfengi eftir að hann kom í land. Hann sagði það rangt sem komið hafði fram í framburði A og B að það hafi verið áfengislykt af honum meðan á siglingunni stóð og að hann hafi þá drukkið áfengi. Aðspurður um ástæðu þess að hann hafi farið í stýrishús bátsins og teygjað innihald Sprite-flösku þar til lögreglumaður tók flöskuna af honum sagði hann að hann hafi langað til þess, fundist hann jafnvel knúinn til þess. Kvaðst hann eiga við áfengisvandamál að stríða. Hann kvaðst sjálfur eiga bátinn sem sé um 6,6 m að lengd og um 3,5 til 4 tonn og hafi hann sjálfur smíðað bátinn. Hann sagði bátinn vera skráðan hjá Siglingastofnun en ekki vera á skipaskrá, enda sé ekki búið að skoða hann. Aðspurður sagði hann bátinn ekki vera tryggðan.

Skýrsla var tekin af ákærða á ný 12. september 2012. Hann kvaðst hafa fengið sér í glas kvöldið áður en ekkert drukkið þennan dag. Eftir að hafa verið kynnt niðurstaða rannsókna á blóðsýnum sagði hann þær vera rugl. Aðspurður hvað hafi verið í flösku sem hann drakk úr eftir að lögreglumenn komu á bryggjuna sagði hann það hafa verið vatn og sagðist ekki geta útskýrt það að lögreglumenn hafi fundið spiralykt. Aðspurður um tvo til þrjá sopa af hvítvíni sem hann sagðist hafa drukkið í fyrri skýrslu sinni sagðist hann ekki kalla það áfengisneyslu. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa á meðan á siglingu stóð. Hann kvaðst hafa verið búið að sigla frá Sundahöfn yfir að Edinborg og hafa vitað að eitthvað var bilað. Þar hafi farið að sjóða á vélinni og hafi hann þá sett vatn á vélina og þar hafi farþegar komið um borð.

Ákærði sagði bátinn hafa verið smíðaðan að hluta til í [...] en svo hafi hann smíðað restina. Báturinn hafi fyrst farið á flot í júlí 2011. Hann kvaðst hafa tilkynnt Siglingastofnun um nýsmíðina að því leyti að hann hafi fengið úthlutað svæðisnúmeri og skipaskrárnúmeri á árinu 2009 að hann telji. Upphafleg stærð bátsins hafi verið 5,99 metrar en hann hafi lengt hann árið 2009 í 6,7 metra. Breytingin hafi verið tilkynnt skoðunarmanni hjá skipaskoðun. Hann kvaðst lítið hafa notað bátinn og eigi enn eftir að klára hann. Aðspurður um skipstjórnarréttindi kvaðst hann hafa gamla pungaprófið og hafi hann tekið það 1980 og þá undirgengist bóklegt próf. Einhverra hluta vegna finnist það ekki. Hann hafi oft fengið undanþágur til að vera stýrimaður á stærri skipum, allt að 170 tonnum. Sjálfur hafi hann týnt sínu skírteini fyrir mörgum árum.

Þá var tekin skýrsla af ákærða 20. júní 2013. Þar kom fram hjá ákærða að ætlun hans væri að nota bátinn sem skemmtibát og að hann hafi lengt bátinn úr 5,99 metrum í 6,74 metra.

Þá gaf vitnið A skýrslu hjá lögreglu 22. júlí 2012. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis áður en siglingin hófst en kvaðst einu sinni á meðan á henni stóð hafa fundið af honum áfengislykt.

Einnig var sama dag tekin skýrsla af B. Hún kvaðst hvorki hafa orðið vör við að ákærði væri undir áhrifum áfengis áður en sigling hófst eða meðan á henni stóð og ekki hafa fundið af honum áfengislykt á meðan. Hún kvaðst einu sinni á meðan á siglingunni stóð hafa séð ákærða drekka einn sopa úr Sprite-flösku og taldi að

vökvinn hafi líkst hvítvíni. Hún og A hafi þá strax sett ofan í við hann. Hún kvaðst hafa séð ákærða fá sér sopa úr flöskunni á meðan verið var að draga bátinn í land og sagði A hafa sagt sér að hún hefði séð ákærða drekka úr sömu flösku og að lögglumaður hefði tekið hana af honum.

Samkvæmt gögnum málsins voru tekin tvö blóðsýni úr ákærða eftir að hann var handtekinn, annað klukkan 19.08 og hitt klukkan 20.05. Niðurstaðan úr fyrri sýninu reyndist vera 2,55‰ en því seinna 2,41‰.

Þá liggur fyrir matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dagsett 20. ágúst 2012. Þar er lagt mat á það hvert hafi verið áfengismagn í blóði ákærða milli klukkan 18.00 og 18.15 umræddan dag. Miðað er við að ákærði hafi kvöldið áður drukkið mikið áfengi, átta til níu bjóra og tvær flöskur af hvítvíni og síðan tvo til þrjá sopa af hvítvíni rétt fyrir handtöku. Síðan segir í álitinu:

„Þegar áfengis er neytt fer hið virka efni þess, etanól, gegnum slímhúð meltingarvegarins yfir í blóðrásina. Þetta er venjulega kallað frásog. Meðan þessu fer fram fer styrkur etanóls hækkandi í blóðinu. Þegar neyslu etanóls er hætt líður nokkur tími þar til allt það etanól, sem kann að vera í maga og þörmum hefur náð að frásogast. Venjulega er gert ráð fyrir að því ljúki á 1-2 klukkustundum (þættir sem hafa þar áhrif eru t.d. hvort drukkið er á fastandi maga, tegund og magn áfengis). Þá fer styrkur etanóls í blóði að falla. Hann fellur með nokkuð jöfnum hraða, sem er einstaklingsbundinn og getur verið 0.12 ‰-0,25 ‰ á klst.

Þegar lítið er á niðurstöður hér að ofan, sýna þær að etanólstyrkur í blóði hlutaðeigandi hefur náð hámarki og verið farinn að falla kl. 19.08. Það styður niðurstaða úr etanólmælingu í seinna blóðsýninu (64732). Þeir 2-3 sopar (100 til 120 ml) af 8-9% áfengi, sem drukknir voru rétt fyrir sýnatöku samsvara 7 til 8 g af hreinum vínanda. Eftir þá drykkju gæti etanólstyrkur í blóði 80 – 90 kg karlmanns mælst 0,1 ‰ til 0,2 ‰ að hámarki. Samkvæmt framansögðu skýrir sú drykkja engan veginn þann háa etanólstyrk (2,70 ‰) í blóðinu kl. 19.08 og hefur hlutaðeigandi því drukkið mjög mikið áfengi fyrr þennan dag og verið ölvaður (etanólstyrkur í blóðinu um og yfir 2,5 ‰) á tímabilinu 18.00 og 18.15.“

Þá liggur fyrir tölvupóstur C, starfsmanns Siglingastofnunar, frá 25. júlí 2012 þar sem fram kemur að C hafi mælt bát ákærða og hafi mesta lengd hans reynst vera 6,70 metrar.

### III

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa verið að sigla og komið í land við höfnina til móts við Edinborgarhúsið á Ísafirði. Þar hafi hann tekið vatn til að setja á vélina þar sem farið hafi verið að sjóða á henni. Einnig hafi hann tekið upp fólk sem hafi langað að koma um borð. Um hafi verið að ræða vitnið A auk annarrar konu og tveggja til þriggja krakka. Hann hafi ætlað að sigla með þau yfir í Sundahöfn en vélin hafi drepíð á sér við flugvallarendann og þá hafi soðið á vélinni á ný. Aldrei hafi verið nein hætta á ferðum og bátinn hafi ekki rekið neitt. Hann kvaðst hafa stýrt bátnum

sjálfur allan tímann og hafa verið um klukkustund á siglingu þegar báturinn bilaði. Hann hafi þá kallað upp „Ísafjarðarradio“ og þá hafi lóðsbátur komið og dregið hann til hafnar. Þangað hafi lögregla komið og hann verið handtekinn. Hann kvaðst ekkert áfengi hafi drukkið fyrr en hann var búinn að binda bátinn í Sundahöfn og lögreglumenn voru komnir. Þá hafi hann drukkið brugg, um hálfan lítra, sem hann hafi verið með í kókflösku. Flaskan hafi verið hálf og hafi áfengið verið 50-60% að styrkleika og óblandað. Hann hafi tekið flöskuna þegar hann var að fara að ganga frá bátnum og slá út rafmagni. Hann kvaðst hafa verið snöggur að drekka þetta, kannski tvær mínútur. Hann sagði lögreglumann hafa verið við hlið hans þegar hann drakk landann. Sá hafi séð hann drekka og hafi ætlað að stoppa hann af en hann hafi náð að drekka þetta og fundið á sér eftir það. Lögreglumaðurinn hafi tekið af honum flöskuna og hafi hann þá rifið flöskuna aftur af lögreglumanninum, sett tappann á hana og hent henni inn og læst. Ákærði kvaðst einnig hafa verið með gos sem hann hafi drukkið meðan á siglingunni stóð. Þá sagði ákærði að ekki hafi verið kvartað yfir því við hann meðan á siglingu stóð að áfengislykt væri af honum eða að hann væri að drekka. Ákærða var kynnt niðurstaða rannsóknarstofu vegna rannsóknar á blóðsýnum frá ákærða og kvaðst hann ekki geta skýrt hana. Hann hefði ekkert drukkið fyrr en hann kom að landi. Ákærði kvaðst hafa drukkið aðeins kvöldið áður en það hafi allt verið farið úr honum. Þá kvaðst hann ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við stjórn bátsins þennan dag. Aðspurður um það af hverju hann hafi drukkið úr flöskunni eftir að báturinn kom að landi kvaðst hann kannski hafa verið í uppnámi vegna lögreglu og það valdið því að hann drakk svona. Hann kvaðst vera alkóhólisti og hafa seinast núna í haust farið í meðferð. Hann kvaðst hafa drukkið eftir þá meðferð en sé nú edrú.

Ákærði kvaðst hafa drukkið tvo til þrjá bjóra kvöldið áður en ekki átta bjóra og hvítvín eins og fram kemur í skýrslu hans hjá lögreglu og taldi sig muna þetta betur nú. Þá kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa drukkið tvo til þrjá sofa af hvítvíni sem hann hafi sjálfur bruggað eins og kom einnig fram í skýrslu hans hjá lögreglu. Þá var borinn undir ákærða framburður hans í skýrslu hjá lögreglu 12. september 2012 um að vatn hafi verið á kókflösku og að hann telji sig ekki geta útskýrt af hverju lögreglumenn hafi talið að spíralykt hafi lagt úr flöskunni. Hann kvaðst ekki muna eftir þessum framburði og sagði að það hafi verið spíri í flöskunni og hann geti ekki útskýrt þetta misræmi. Þá var borinn undir ákærða framburður hans í framangreindri lögregluskýrslu og í skýrslu hans frá 22. júlí 2012 um að hann hafi drukkið tvo til þrjá sofa af hvítvíni eftir að báturinn var kominn í tog. Aðspurður um misræmi milli þessa framburðar og framburðar hans fyrir dómi um að hann hafi fyrst drukkið áfengið þegar báturinn var kominn að bryggju sagði ákærði að hann geti ekki séð að tveir til þrír sopar af hvítvíni sé áfengi. Hann kveðst einungis hafa verið með kókflösku með sterku áfengi og kók í kókflösku, en ekki muna eftir að hafa verið með Sprite-flösku. Þá var borinn undir ákærða misræmi í framburði hans úr sömu skýrslu þar sem fram kom að hann hafi kvöldið áður drukkið sex til átta bjóra og tvær flöskur af hvítvíni og í framburði hans nú fyrir dómi um að hann hafi einungis drukkið tvo til þrjá bjóra. Ákærði kvaðst ekki átta sig á því af hverju hann telur sig hafa drukkið meira þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu.

Ákærði sagði bátinn hafa verið smíðaðan 2007 eða 2008 en þá hafi hann unnið hjá [...], og hafi hann sjálfur klárað bátinn. Báturinn sé af gerðinni Sómi 599 og hafi verið 5,99 metrar að lengd. Hann hafi sett eitthvað smávegis aftan á bátinn en stóð í þeirri meiningu að báturinn mundi ekki lengjast við það. Þetta sé kassi aftan á bátnum og hann lengist aðeins að ofan, en botninn lengist ekki. Lögregla hafi látið

mann mæla bátinn sem hafi ekki haft réttindi til þess og hafi báturinn verið mældur við bryggju. Ákærði sagði lögreglu hafa sagt sér hvað báturinn væri langur en hann taki ekki mark á mælingunni. Mæling báta eigi að fara eftir botnslengd og þá eigi að mæla á landi. Ákærði sagði bátinn hafa verið tilbúinn 2012 en hann eigi eftir að klára að innrétta hann. Siglingabúnaður hafi verið um borð, kompás og dýptarmælir, gírókompás og björgunarvesti en björgunarbátur hafi ekki verið um borð. Hann sagði bátinn vera skráðan frístundabát. Ekki sé búið að taka bátinn út og hann hafi ekki verið skoðaður af Siglingastofnun en hann sé ekki skoðunarskyldur þar sem hann sé undir 6 metrum. Þá sé báturinn ekki með haffærnisráði af sömu ástæðu.

Þá var borinn undir ákærða framburður hans hjá lögreglu 12. september 2012 um að hann hafi sagt að hann hafi ekki verið búinn að skrá bátinn í skipaskrá og láta framkvæma upphafsskoðun þar sem báturinn hafi ekki verið fullkomlega frágenginn. Ákærði er spurður af hverju hann hafi svarað á þennan hátt ef ætlun hans sé ekki sú að láta skrá bátinn þar eð báturinn væri undir 6 metrum á lengd. Ákærði sagði smíðalýsingu hljóða upp á 5,99 metra og að hann hljóti að hafa ruglast á bát sem hann átti sem var 6,6 metrar. Hann kvaðst telja að lengingin hafi verið um 50 sm. Það séu kassar aftan á bátnum og hann hafi lengt efri partinn á bátnum, út á kassana. Hann standi enn í þeirri meiningu að það lengi ekki bátinn, botnlengdin hafi ekkert breyst frá því að báturinn var smíðaður. Aðspurður um framburð sinn í sömu skýrslu um að hann hafi tilkynnt skipaskoðunarmanni um lengingu bátsins kvaðst hann ekki hafa tilkynnt neinum skoðunarmanni um þetta og telji sig ekki hafa svarað þessu svona hjá lögreglu. Ákærði sagði bátinn upphaflega hafa verið 5,99 metrar en 6,74 metrar miðað við mælingu hjá C, starfsmanni Siglingastofnunar á Ísafirði. Hann telji C ekki hafa heimild til að mæla báta. Ákærði kvaðst telja að hann væri að byggja á upplýsingum frá lögreglu þegar hann sagði í skýrslu hjá lögreglu að báturinn hafi verið lengdur í 6,74 metra, en báturinn hafi verið mældur af lögreglu með tommustokk við bryggju. Ákærði staðfesti að hafa gefið skýrslur hjá lögreglu vegna málsins 22. júlí 2012, 12. september 2012 og 20. júní 2013.

Ákærði kveðst vera með skipstjórnarréttindi sem hann hafi hlotið í kringum 1980, 30 tonna réttindi, eftir að hafa setið námskeið í viku. D hafi kennt honum á námskeiðinu sem haldið hafi verið í Hnífsdal. Hann geti hins vegar ekki endurnýjað réttindin þar sem frumritið finnist ekki. Hann hafi fengið skírteini þegar hann fékk réttindin. Hann hafi sýnt skírteini þegar hann skráði sig. Hann hafi týnt skírteininu og það hafi ekki fundist en hann sé með sjóferðabækur. Hann sagði réttindin ekki vera lengur í gildi ef þau ættu að endurnýjast á fimm ára fresti. Ákærði taldi sig ekki þurfa réttindi til að stýra bátnum þar sem hann sé undir 6 metrum á lengd. Ákærði kveðst ekki vera með réttindi á skemmtibát og telur sig ekki þurfa þess á meðan hann er með 30 tonna réttindin.

A sagði í skýrslu sinni fyrir dómnum að hún hafi verið með lítinn frænda sinn og séd ákærða vera að sigla um höfnina og beðið ákærða að leyfa þeim að koma um borð. Frænka vitnisins og dóttir hennar ásamt dóttir vitnisins hafi einnig verið með þeim. Vélin í bát ákærða hafði hitnað og hafi ákærði náð í vatn til að setja á hana áður en þau fóru af stað. Ákærði hafi ætlað að sigla hringinn í bátahöfnina hinum megin en vélin hafi dregið á sér og farið að rjúka úr henni við flugvöllinn. Ákærði hafi þá kallað eftir aðstoð og báturinn verið dreginn til hafnar. Lögreglan hafi verið á bryggjunni þegar þau komu í land. Þær og börnin hafi farið fyrst frá borði og hafi

hún ekki verið að fylgjast með samræðum lögreglu og ákærða. Hún hafi séð ákærða taka upp gosflösku og drekka vel af henni. Lögreglumaður hafi tekið flöskuna af ákærða og kvaðst vitnið halda að um hafi verið að ræða eins lítra flösku eða stærri. Hún kvaðst ekki muna hvaða litur var á vökvanum. Ákærði hafi þambað úr flöskunni en hún muni ekki hvað var mikið í henni. Hún hafi fyrst veitt þessu atviki athygli þegar lögreglumaðurinn rauk til en þá hafi ákærði verið inni en lögreglumaðurinn verið um borð en staðið úti. Hún hafi þá verið á bryggjunni. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vör við að ákærði hafi verið ölvaður meðan á siglingunni stóð og að henni hafði aldrei dottið í hug að fara með barnið um borð hefði svo verið. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við neina lykt af honum og ekki hafa séð hann drekka neitt meðan á siglingu stóð. Þá sagði hún björgunarvesti hafa verið um borð en þau hafi ekki farið í þau.

Vitninu var kynntur framburður vitnisins A hjá lögreglu um að þær hafi sett út á ákærða fyrir að hafa verið að drekka og kvaðst hún ekki muna eftir þessum samræðum og ekki muna eftir því að ákærði hefði verið að drekka. Þá var vitninu kynntur framburður sinn hjá lögreglu um að hún hafi fundið áfengislykt af ákærða og kvaðst hún hafi fundið áfengislykt þegar rauk úr bátnum og þá spurt ákærða hvort hann væri fullur en hann hafi svarað því neitandi. Það sé ekki óvanalegt að það sé lykt af ákærða daginn eftir drykkju. Vitnið sagðist þekkja ákærða vel, frá því hún var um 10 ára gömul, og vita að það sé komið vel í hann þegar það sjáist að hann sé undir áhrifum og það hafi hún ekki séð í þetta sinn. Það hafi komið fát á hann þegar það fór að rjúka úr vélinni og þá hafi hvarflað að henni að hann væri fullur. Hún muni ekki hvort hún fann lykt af honum en eitthvað hafi valdið því að hún fór að velta því fyrir sér hvort hann væri fullur. Þá var borinn undir hana framburður vitnisins B fyrir dómi um að ákærði hafi boðið henni sopa af áfengi og þær sett út á hann fyrir það. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því að ákærði hafi boðið henni að drekka eða eftir þessum samræðum.

B sagði í framburði sínum fyrir dómi að ákærði væri tengdur fjölskyldu vitnisins en hún þekkti hann lítið. Kona móðurbróður hennar og ákærði væru systkinabörn. Vitnið sagði hana og A hafa séð ákærða sigla á bátnum um Pollinn. Þær hafi þá veifað honum og hann komið að landi og samþykkt að sigla með þau að smábátahöfninni í Sundahöfn. Áður en þau fóru hafi ákærði bætt vatni á vélina. Á siglingunni, við flugvöllinn, hafi báturinn drepit á sér. Þegar þau komu í land hafi lögregla verið á hafnarkantinum. Hún hafi heyrt læti og séð lögreglumann stökkva á ákærða þar sem hann var að fá sér sjúss og taka af honum flösku. Kvaðst vitnið minna að lögreglumaður hafi þá verið kominn um borð frekar en að hann hafi verið að stökkva um borð. Hún sagði ákærða hafa verið að dekka þegar lögreglumaðurinn tók af honum flöskuna. Þá kvaðst vitnið minna að um hafi verið að ræða hálf lítra plastflösku en ekki vita hvað ákærði drakk mikið eða hvernig vökvinn í flöskunni var á litinn. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við ölvunareinkenni á ákærða, eða talið hann vera undir áhrifum. Hún hafi ekki fundið af honum áfengislykt og kvaðst ekki muna eftir því að hafa séð hann drekka á siglingunni eða meðan báturinn var í togi. Vitnið kvaðst ekki muna eftir öðrum flöskum um borð en þeirri sem ákærði drakk úr við bryggjuna. Einu sinni á leiðinni hafi ákærði dregið hálf lítra flösku upp úr vasa sínum og ætlað að bjóða vitninu A að drekka en hún hafi þá sagt að þau væru ekki að gera svona þegar þau væru með börn. „Nei, nei“, hafi ákærði þá sagt og sett flöskuna niður aftur og muni hún ekki eftir því að hann hafi drukkið úr flöskunni. Hún hafi ekki séð á honum áfengisáhrif og ekki fundið lykt af honum. Hún kvaðst halda að um sömu flösku hafi verið að

ræða og hann drakk úr við bryggjuna. Þá var borinn undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu um að ákærði hafi tekið einn sopa úr flösku og kvaðst vitnið þá líklega hafa munað atvik betur og telur að um sama atvik sé að ræða og hún lýsti fyrr í framburði sínum sem hafi leitt til þess að hún setti ofan í við ákærða.

Vitni E lögreglumaður kvaðst hafa tekið á móti bátnum þegar hann kom að landi. Ákærði hafi verið um borð ásamt tveim konum og börnum. Þau hafi öll farið í land nema ákærði. Vitnið kvaðst ekki hafa átt von á öðru en að báturinn hafi verið bilaður en hafi, þegar hann sá ákærða, séð að hann var mikið ölvaður. Hann hafi spurt ákærða hvort svo væri og hafi ákærði svarað því neitandi. Einnig hafi ákærði neitað þegar vitnið spurði hann hvort hann vildi blása. Þá hafi ákærði neitað að hleypa honum um borð og hafi sjálfur farið inn í stýrishús. Vitnið hafi stokkið á eftir ákærða þegar hann sá að ákærði var að klára innihald úr gosflösku og rifið af honum flöskuna sem spíralykt hafi lagt úr. Ákærði hafi verið mjög ósáttur við afskipti lögreglu. Vitnið kvaðst þekkja ákærða og sjá af útliti hans og hegðun hvort hann sé fullur. Auk þess hafi verið af honum sterk lykt sem hann hafi ekki fundið þegar hann sá hann fyrst, áður en hann drakk úr flöskunni, en hann hafi þá hins vegar séð að hann var mjög ölvaður. Vitnið kvaðst telja að ákærði hafi ekki náð að drekka mikið. Hann hafi stokkið strax á eftir ákærða sem hafi haldið flöskunni að munnum á sér þegar vitnið reif flöskuna af honum. Vitnið kvaðst telja að ekki hafi verið mikið í flöskunni sem líklega hafi verið hálf lítra flaska. Hann kvaðst hafa verið rétt á eftir ákærða og hafi ákærði ekki haft tvær mínútur til að drekka úr flöskunni en hafi samt klárað úr henni. Vitnið sagði að flaskan hafi verið skilin eftir í bátnum og hafi hún ekki verið sótt síðar. Vitnið kvaðst hafa staðið beint á móti ákærða, uppi á bryggjunni, þegar hann talaði við ákærða eftir að báturinn kom til hafnar. Í mesta lagi metri hafi verið á milli þeirra. Vitnið kvaðst hafa séð frá landi að bátinn var að reka að grjótgardinum. Einnig hafi hann séð mann fara út og vera eitthvað að gera, jafnvel eins og hann væri í vandræðum miðað við háttalag hans. Hann hafi séð að hafnsögubátur var að koma inn og hafi hann hringt í hafnarstjórnann sem reyndist vera um borð. Hafnsögubáturinn hafi síðan tekið bátinn í tog. Í ljós kom að um vélarbilun hafi verið að ræða. Þá sagði vitnið að blóðsýni hafi verið tekið mjög fljótt úr ákærða.

C, [...] Siglingastofnunar, gaf einnig skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hann sagði að samkvæmt gögnum þeirrar stofnunar hafi ákærði ekki verið með gild skipstjórnarréttindi árið 2012. Þetta hafi bæði verið skoðað hjá þeim og hjá sýslumanni en engin gögn fundist. Þá staðfesti hann að framlagt yfirlit yfir lögskráningar ákærða á tímabilinu 1. janúar 1967 til 9. desember 2012 væri unnið úr gögnum Siglingastofnunar. Vitnið sagði að í kringum 1980 hafi þurft að fara á námskeið til að fá þau réttindi sem ákærði kveðst hafa fengið, 30 tonna réttindi, og síðan hafi þurft að fá útgefið skírteini. Þessi réttindi hafi þá eins og nú gilt til fimm ára. Eina skýringin á því að gögn hafi ekki fundist sé að það hafi verið gefið út af einhverju öðru embætti en sýslumanninum á Ísafirði eins og ákærði heldur fram. Vitnið sagði að þegar skírteini hafi verið endurnýjuð hafi þurft að skila inn gamla skírteininu og vottorði um sjón og heyrn. Þá hafi menn átt að láta vita ef skírteini týndist. Algengt hafi verið að skírteina hafi ekki verið aflað þrátt fyrir að menn hafi setið námskeið og tekið próf og talið sig hafa réttindi. Oftast hafi þá verið hægt að grafa upp gögn um námskeið og hverjir sátu það. Hann sagði ákærða hafa verið lögskráðan sem skipstjóri og yfirstýrimaður og vísar til upplýsinga sem hann hafi sent lögreglu um þetta. Áður hafi verið hægt að fá undanþágur en hann viti ekki hvort svo hafi verið í þessu tilviki.

Vitnið sagði bátum vera úthlutað skipaskrárnúmeri áður en þeir væru smíðaðir. Um væri að ræða skráningu sem gerð væri til að halda saman öllum gögnum sem varða viðkomandi bát undir einu skráningarnúmeri. Lengd bátsins þurfi ekki að liggja fyrir þegar þessi skráning er gerð. Þá sagði hann báta undir 6 metrum vera skráða væru þeir atvinnutæki. Vitnið sagði bát ákærða ekki hafa verið mældan með formlegum hætti heldur einungis við bryggju. Til væru reglur um það hvernig staðið skuli að mælingu báta og séu þeir almennt mældir á landi. Vitnið kvaðst hafa talað við ákærða um búnað um borð og hafi ákærði sagt að þar væri hvorki talstöð, öryggisbúnaður, neyðarbúnaður eða „eitt eða neitt“.

Aðspurður sagði hann lögreglu hafa óskað formlega eftir upplýsingum frá honum með tölvupósti og vísaði um þau samskipti til framlagðs tölvupósts. Hann kvaðst ekki hafa verið brýndur á réttarstöðu sinni og sagði samskipti sem þessi við lögreglu almennt fara fram á þennan hátt. Lögregla hafi einungis beðið hann að staðfesta að báturinn væri yfir 6 metrar á lengd. Aðspurt sagði vitnið að hann hefði mælt bátinn hefði verið farið fram á það af eiganda. Vitnið sagði lengd bátsins hafa verið yfir 6 metrar en skráningarlengd vera óljósa. Við mælingu báta væri farið eftir reglugerð nr. 527/1997 og verklagsreglu nr. 2503020202. Starfið annist viðurkenndir mælingamenn en meðal þeirra séu einhverjir starfsmenn Siglingastofnunar sem hafi haldið eldri réttindum þrátt fyrir breyttar reglur. Vitnið sagði mismunandi aðferðir vera notaðar við mælingar eftir því um hvernig báta er að ræða og því þurfi að vita áður en bátur er mældur til hvers eigi að nota hann. Vitnið kvaðst ekki hafa séð flot á bát ákærða.

F lögreglumaður kvaðst hafa mælt bátinn ásamt G lögreglumanni. [...] hafi verið send til að mæla heildarlengd bátsins sem þau hafi gert og mælt bátinn frá enda í enda. Hann kvaðst ekki muna hvort búíð hafi verið að bæta við flotkössum aftan á bátinn. Þau hafi gert nokkrar mælingar og lokaniðurstaða hafi verið 6,72 metrar. Vitnið kvaðst ekki vera viðurkenndur mælingamaður og ekki þekkja reglugerð nr. 527/1997 eða verklagsreglur um mælingu skipa.

I lögreglumaður sagði sig og H lögreglumann hafa hitt ákærða við bátinn og farið yfir bátinn með ákærða. Vitnið sagði búnað hafa vantað í bátinn og staðfesti að vantað hafi seguláttavita GPS, VHF-talstöð, vasaljós, akkeri og legufæri, og þjóðfána. Þá staðfesti hann skýrslu sína um skoðunina frá 26. júlí 2012. Vitnið kvaðst minna að ákærði hafi talað um að hann ætti eftir að standsetja bátinn og væri að vinna í því.

J, deildarstjóri á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins og staðfesti framlagða matsgerð sína frá 20. ágúst 2012. Hún sagði niðurstöðu sína hafa verið þá að styrkur í blóði hafi náð hámarki í fyrri sýni og en sé svo fallandi, það sýni brotthvarfshraði. Sá hraði hafi verið innan þess ramma sem algengastur er, 0,12‰ til 0,25‰ á klukkustund. Þetta bendi til þess að einhver tími hafi verið liðinn frá því að drykkju lauk. Við rannsóknina var miðað við að ákærði hefði drukkið tvo til þrjá sopa af áfengi af 8-9% styrkleika rétt fyrir fyrri sýnatöku. Miðað við að um sé að ræða karlmann, 80-90 kg að þyngd, sé þetta um 100-120 millilítrar sem gefi 0,1 til 0,2‰ að hámarki. Hafi liðið klukkustund að sýnatöku væri þetta áfengi að mestu horfið þá. Vitnið sagði ekki geta staðist að ákærði hafi drukkið hálfan lítra af 50-60% sterku áfengi um klukkan 18.30 miðað við að blóðsýnin hafi verið tekin um klukkan sjö og átta. Hefði ákærði drukkið

Þetta áfengi á þessum tíma gæti magn í blóði ekki verið farið að falla hálf tíma seinna. Vitnið sagði niðurstöður blóðsýnanna benda til þess að etanólstyrkur hafi verið mikill í blóði ákærða milli klukkan 18.00 og 18.15. Aðspurtt sagði vitnið að jafnvel þó að ákærði hefði drukkið áfengið 30 mínútum fyrr, en aðrar forsendur væru þær sömu, væri ólíklegt að svo mikið magn væri búið að ná hámarki á klukkustund. Eina til tvær klukkustundir þurfi til að ná þessum styrk en því hærrí sem styrkurinn sé því meiri tíma þurfi til að ná honum.

K, skráningarstjóri hjá Samgöngustofu, sagði bátinn ekki hafa verið skráðan hjá Samgöngustofu. Engin frumskráning hafi verið gerð en bátnum hafi verið úthlutað skipaskrárnúmeri, [...], og einnig hafi verið tekið frá umdæmisnúmer, [...], og hafi það verið ákærði sem hafi beðið um þetta. Þetta sé forvinna fyrir skráningu og hafi verið frumskráð í bók en ekki í tölvu. Ef stofnuninni eru síðar send gögn vegna bátsins eru þau merkt þessu númeri. Til að hægt yrði að skrá bátinn hefði þurft að klára hann, gera skoðun á honum og úttekt og síðan þyrfti tæknideild að gera mælingarskýrslu. Þá kom fram hjá vitninu að bátar undir 6 metrum væru skráningarskyldir ef sérstaklega væri beðið um það og ætlunin væri sú að bátur yrði atvinnutæki. Ekki liggi fyrir frekari upplýsingar hjá stofnuninni um það hvað hafi átt að gera við bát ákærða eða um stærð hans. Það eina sem væri skráð hjá þeim væru minnisþingar um að þetta væri talin vera nýsmíði nr. [...] hjá [...].

L lögreglumaður kvaðst hafa farið ásamt F að mæla bátinn. Ástæða þess hafi verið sú að báturinn hafi verið talinn stærri en stóð í skírteini. Þeir hafi mælt bátinn nokkuð gróft, með málbandi, og hafi hann reynst vera lengri en 6 metrar og staðfesti vitnið að þeir hafi mælt hann 6,72 metra. Hann kvaðst ekki telja neinn vafa á því að báturinn hafi verið yfir 6 metrar á lengd. Aðspurður kvaðst hann ekki þekkja reglur um mælingu báta og ekki vera viðurkenndur mælingamaður.

M hafnarstjóri sagði í framburði sínum fyrir dómi að hann hafi verið á hafnsögubátum Sturlu Halldórssyni að lóðsa skip þegar Landhelgisgæslan hafi kallað á hann og á sama tíma hafi lögregla hringt í símann hjá honum og sagt að bátur væri á reki við flugvöllinn. Þeir hafi dregið bátinn til hafnar. Samkvæmt skipsbók hafnsögubátsins hafi Landhelgisgæslan kallað klukkan 18.15 og óskað eftir að bátur við flugvöllinn yrði sóttur, um hafi verið að ræða bát með skipaskráningarnúmerið [...], [...]. Einnig sé þar skráð að báturinn hafi verið dreginn til hafnar og að komið hafi verið með hann til hafnar klukkan 18.40. Vitnið kvaðst ekki hafa átt nein samskipti við ákærða. Þegar þeir komu að bátnum hafi ákærði kastað línu og þeir síðan dregið bátinn. E lögreglumaður hafi farið um borð í bátinn við bryggjuna og þá hafi einhver orðaskipti verið milli E og ákærða sem vitnið hafi ekki heyrt. Lögreglumennirnir hafi beðið þá um að hinkra en ákærði hafi verið með einhvern mótþróa og einhverjar stimpingar hafi orðið um borð í bátnum. Hann hafi, þar sem hann var á bryggjunni, heyrt lögreglumanninn segja ákærða að hann yrði handtekinn og hafi ákærði þá farið upp á bryggju. Áður, að hann haldi í þann mund þegar þeir voru að koma að bryggjunni, hafi ákærði tekið upp flösku og hafi ætlað að drekka af stút, en vitnið kvaðst ekki vita hvort ákærða hafi tekist það. Hann hafi a.m.k. mundað hana upp að vörum sér. Glær vökvi hafi verið í flöskunni, sem hafi verið brennivínsflaska, glerflaska. Lögreglumaðurinn hafi bannað honum þetta og tekið af honum flöskuna. Þetta hafi ekki tekið langan tíma, kannski sekúndur. Vitnið kvaðst telja að engum hafi átt að geta dulist að ákærði var ölvaður þegar báturinn var dreginn í land. Vitnið kvaðst sjá ákærða dagsdaglega og telja sig geta gert greinarmun á því hvenær hann sé ölvaður og hvenær ekki og taldi að hann

hafi verið talsvert ölvaður. Hann hafi þó ekki verið með læti en hafi slagað og verið skrýttinn til máls.

G, fyrrverandi lögreglumaður, kvaðst hafa tekið á móti bát ákærða á höfninni í umrætt sinn ásamt E. [...] hafi rætt við farþegana á meðan E ræddi við skipstjórnann. [...] kvaðst hafa séð þegar ákærði fór inn og var eitthvað að rumska þar og að E tók eftir því sem ákærði var að gera. Vitnið hafi ályktað eftir á að þá hafi ákærði verið að drekka. Líklega hafi E haldið að ákærði hafi ætlað að slökkva á vél og þá séð að ákærði var að fá sér að drekka. E hafi strax farið á eftir ákærða og stoppað hann. Þetta hafi tekið sekúndur frekar en mínútur. Vitnið sagði að áfengislykt hafi verið af ákærða og hafi hann verið sljór og æstur og hafi hún talið að hann væri ölvaður. Vitnið kvaðst halda að um hafi verið að ræða hálf lítra flösku sem hann drakk úr. [...] hafi þefað af flöskunni og fundið spíralykt en muni ekki hvort eitthvað var eftir í henni.

#### IV

Ákærði er í máli þessu ákærður fyrir að hafa verið ölvaður við stjórn [...], og án gilda skipstjórnarréttinda, auk þess sem báturinn hafi ekki verið með gilt haffærnisúrskurð og verið óhaffær vegna ölvunar ákærða. Ákærði hefur neitað sök. Hann byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi ekki drukkið áfengi fyrr en báturinn hafði verið bundinn við bryggju. Þá sé báturinn undir 5,99 metrum að lengd og því þurfi hann ekki skipstjórnarréttindi til að stýra honum. Af sömu ástæðu sé báturinn ekki skráningarskyldur og þurfi ekki haffærnisúrskurð.

Framburður ákærða um áfengisneyslu sína umrætt sinn hefur verið misvísandi. Hjá lögreglu kvaðst hann kvöldið áður hafa drukkið sex til átta bjóra og tvær hvítvínslöskur en fyrir dómi kvaðst hann hafa drukkið tvo til þrjá bjóra það kvöld. Þá bar hann um það í framburði sínum hjá lögreglu að hann hafi drukkið tvo til þrjá hvítvínssopa meðan á siglingu stóð en fyrir dómi um hálfan lítra af 50-60% sterkum landa eftir að siglingu lauk. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kom báturinn að landi við Sundahöfn klukkan 18.35. Skömmu síðar drakk ákærði glæran vökva úr kókflösku úr plasti sem ákærði telur að hafi verið um hálfur lítri af landa. Eftir það, eða klukkan 18.37 samkvæmt skýrslu lögreglu, var ákærði handtekinn. Samkvæmt framburði M hafnarstjóra var kallað eftir aðstoð hafnsögubátar klukkan 18.15 og kom hann með bát ákærða til hafnar klukkan 18.40. Eftir handtöku ákærða voru tekin úr honum tvö blóðsýni, annað klukkan 19.08 og hitt klukkan 20.05. Niðurstaða rannsóknar á þessum blóðsýnum leiddi í ljós að áfengismagn í því fyrri var 2,55%, að teknu tilliti til vikmarka, en 2,41% í því síðara. Samkvæmt framburði J, deildarstjóra á Rannsóknastofu Háskólans í lyfja- og eiturefnafræði, samrýmast þessar niðurstöður ekki framburði ákærða um áfengisneyslu sína, hvorki þeim sem hann gaf hjá lögreglu né heldur við aðalmeðferð málsins. Hún sagði að hefði ákærði drukkið tvo til þrjá bjóra kvöldið áður hefði það áfengi átt að vera farið úr blóði hans. Hafi hann drukkið hálfan lítra af sterku áfengi um klukkan 18.30 geti ekki staðist að áfengismagn í blóði hans hafi verið farið að falla hálf tíma síðar. Jafnvel þótt hann hefði drukkið áfengið 30 mínútum fyrr sé ólíklegt að svo mikið magn væri búið að ná hámarki á einni klukkustund. Niðurstaða rannsóknarinnar bendi til þess að etanólstyrkur í blóði ákærða hafi verið mikill milli klukkan 18.00 og 18.15. Þá liggur fyrir framburður M og framburður

lögreglumannanna E og G um að þau hafi talið að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis þegar báturinn kom til hafnar og vísuðu til hegðunar hans.

Samkvæmt 1. gr. siglingalaga nr. 34/1985 gilda þau um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þá segir í 1. gr. laga nr. 115/1985 um skráningu skipa að sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt á milli stafna, sé skráningarskyld. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 146/2002 um skipamælingar skal hvert skip með skráningarlengd allt að 24 metrum mælt og tonnatala þess reiknuð samkvæmt reglum sem ráðherra setur að tillögum Samgöngustofu. Um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum gildir reglugerð nr. 527/1997. Í reglugerðinni kemur fram nákvæm lýsing á því hvernig staðið skuli að mælingu skipa og gilda mismunandi reglur eftir stærð skipa, hvort um opin bát er að ræða, með þilfari, o.fl. Þá gildir einnig um mælingu skipa verklagsregla nr. 25.03.02.02.03 um mælingu skipa er varðar mælingu báta með mestu lengd allt að 15 metrum, sem búnir eru skutgeymi, stýriskassa, síðustokkum og/eða veltikjöllum og verklagsregla nr. 25.03.02.02.02 um mælingu báta með mestu lengd allt að 15 metrum. Verklagsreglur þessar eru settar með stoð í lögum nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.

Óumdeilt er að bátur ákærða er af gerðinni Sómi 599 sem er miðað við upprunalega gerð hans 5,99 metrar að lengd. Ákærði var spurður um stærð bátsins í skýrslutökum hjá lögreglu og staðfesti hann ítrekað að hafa lengt bátinn og sagði hann ýmist vera 6,60, 6,70 eða 6,74 metra. Fyrir dómi var framburður ákærða hins vegar á annan veg og taldi hann bátinn vera 5,99 metra. Ákærði gaf þá skýringu að sú tala sem hann nefndi hjá lögreglu hafi verið höfð eftir lögreglumönnum. Þá sagði hann þá lengingu sem hann hafi framkvæmt á bátnum ekki hafa lengt botnlengd hans og því hafi hún ekki áhrif á heildarlengd bátsins. Fyrir liggur að báturinn hefur ekki verið skráður en honum var úthlutað skipaskrárnúmeri og skráningarnúmeri, að beiðni ákærða, samkvæmt framburði K. Samkvæmt framburði K og C, starfsmanns Siglingastofnunar, eru slíkir bátar skráðir komi fram ósk um það og um sé að ræða báta sem notaðir eru í atvinnurekstri. Engin gögn hafa verið lögð fram hjá yfirvöldum um það hver hafi verið ætlun ákærða með bátinn en ákærði sagði við aðalmeðferð málsins að báturinn væri frístundabátur.

Þá liggur fyrir framburður tveggja lögreglumanna, F og L, auk framburðar C, um að þeir hafi mælt bátinn við byggju, stafna á milli, og talið á grundvelli þeirra mælinga að hann væri lengri en 6 metrar. Lögreglumennirnir tveir sögðu að þeir þekktu ekki framangreinda reglugerð og reglur um mælingu skipa en í framburði C kom fram að hann væri með réttindi til mælinga skipa. Þá kom fram í framburði hans að þrátt fyrir að hann teldi bátinn vera lengri en 6 metrar á grundvelli þeirra mælinga sem hann gerði við bryggjuna væri skráningarlengd bátsins óþekkt.

Eins og rakið er hér að ofan er meginreglan sú að sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt á milli stafna, sé skráningarskyld. Þá koma fram nákvæmari reglur um það hvernig staðið skuli að mælingu skips til að finna út skráningarlengd þess í framangreindri reglugerð og reglum. Ákærði hefur borið um að hann hafi lengt bátinn með kassa sem lengi ekki botnlengd bátsins og því hafi skráningarlengd hans ekki lengst. Vitnið F og C sögðu báðir í framburði sínum að þeir hafi ekki tekið eftir flotkassa þegar þeir mældu bátinn endanna á milli. Ákæruvaldið byggir mál sitt á því að bátur ákærða hafi verið yfir 6 metrar á lengd og hvílir á því sönnunarbyrði um að svo hafi verið. Óumdeilt er að bátur ákærða

var ekki skráður og skráningarlengd hans hefur ekki verið mæld á grundvelli framangreindrar reglugerðar. Verður því að telja að verulegur vafi sé um það hvort báturinn sé skráningarskyldur, og þann vafa ber að túlka ákærða í hag.

Í ákæru er ákærði ákærður fyrir brot gegn 2. og 3. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Samkvæmt 2. mgr. 238. gr. má enginn stjórna eða reyna að stjórna skipi, ef hann vegna neyslu áfengis er óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt. Í 3. mgr. sama ákvæðis segir að sé vínandamagn í blóði skipverja, eða þeirra sem nánar greinir í 2. mgr., yfir 0,5‰ eða ef vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra loftis eða meira þá teljist hann undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr. Ákvæði 2. og 3. mgr. 238. gr. siglingalaga taka einungis til skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laganna. Þar sem vafi er um það hvort bátur ákærða falli í þann flokk ber, með vísan til 108 gr., sbr. 1. mgr. 109. gr. laga um meðferð sakamála, að sýkna ákærða af broti gegn 238. gr. siglingalaga.

Í ákæru er ákærði ákærður fyrir að hafa siglt skipinu óhaffæru þar sem haffærnis skírteini hafi ekki verið gefið út vegna skipsins og vegna ölvunar ákærða. Er brot hans þar heimfært undir 1. mgr. 9. gr. og 1. og 3. tl. 1. mgr. 17. gr., sbr. 29. gr., laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Í 1. mgr. 9. gr. laganna er skipstjóra gert skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafa gild lögboðin skírteini um borð. Ákærði hefur staðfest að skipið hafi ekki haft haffærnis skírteini og vísar til þess að hann hafi ekki talið sig þurfa þess þar sem skipið sé styttra en 6 metrar á lengd. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum gilda þau um öll íslensk skip og samkvæmt 2. tl. 2. gr. laganna er íslenskt skip hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána og er í greinargerð sem fylgdi frumvarpi sem varð að lögum 47/2003 vísað til 1. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum. Taka löggin því einungis til skipa lengri en 6 metrar eins. Með vísan til framangreinds og þess sem áður hefur verið rakið um þann vafa sem uppi er um það hvort skip ákærða sé skráningarskyldt samkvæmt lögum um eftirlit með skipum ber einnig, með vísan til 108., sbr. 1. mgr. 109. gr. laga um meðferð sakamála, að sýkna ákærða af broti gegn 1. mgr. 9. gr. og 1. og 3. tl. 17. gr. laganna.

Ákærði er einnig ákærður fyrir að hafa siglt skipinu án þess að hafa gild réttindi til skipstjórnar og er brot hans heimfært undir 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 12. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, sbr. 17., sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 175/2008 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30/2007 skal á hverju fiskiskipi og öðru skipi vera skipstjóri. Samkvæmt 2. gr. laganna gilda þau um áhafnir íslenskra skipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa, annarra en farþegaskipa og flutningaskipa. Af framburði ákærða hjá lögreglu má ráða að hann taldi sig við upphaf rannsóknar vera með gild réttindi þrátt fyrir að vera ekki með skírteini því til sönnunar. Ákærði byggir á því að hann hafi fengið réttindi til að stjórna 30 tónna bát eftir að hafa setið námskeið kringum 1980. Fyrir liggja gögn um að ákærði hafi verið lögskráður sem yfirstýrimaður á nokkrum skipum á árunum 1983 til 1984 og sem skipstjóri og yfirstýrimaður á árinu 1994. Ekki liggur fyrir á hvaða forsendum þessar lögskráningar voru gerðar. Ákærði sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi ekki endurnýjað réttindi sín þar sem hann hafi týnt skírteini sínu og engin gögn hafi fundist um réttindi hans hjá yfirvöldum. Fram hefur komið í málinu að leitað

hafi verið að gögnum bæði hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði, en ákærði fullyrðir að þar hafi hann fengið réttindin, og hjá Siglingastofnum. Á hvorugum þessara staða hafi fundist gögn um réttindi hans. Eins og áður hefur verið rakið var skip ákærða ekki skráð hér á landi og vafi er uppi um það hvort það beri að skrá með hliðsjón af lengd þess. Af sömu ástæðu verður ekki fullyrt að ákærða hafi verið óheimilt að stýra bátnum í umrætt sinn án réttindanna. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30/2007. Kemur þá til skoðunar hvort ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 7. gr. sömu laga en samkvæmt ákvæðinu þarf einnig réttindi til að stýra skráningarskyldum skemmtibát. Skilgreiningu á því hvaða bátar falla hér undir er að finna í reglugerð nr. 168/1997 um skemmtibáta. Samkvæmt 1. gr. hennar gildir hún um skemmtibáta með mestu lengd frá 2,5 metrum að 24 metrum, bæði fullsmíðaða og hálfsmíðaða. Þá telst skemmtibátur vera hver sá bátur sem ætlaður er til skemmtisiglinga. Í 2. gr. reglugerðarinnar eru taldir upp þeir bátar sem undanþegnir eru reglugerðinni, m.a. bátar smíðaðir til eigin nota. Ekki hefur annað komið fram í málinu en að báturinn hafi verið ætlaður til eigin nota ákærða. Verður því að telja að fram sé kominn vafi um það hvort bátur ákærða falli undir nefnda skilgreiningu. Með vísan til þess er það mat dómsins að ekki hafi verið sýnt fram á að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn nefndu ákvæði og er hann því sýknaður af þeirri háttsemi að hafa umrætt sinn stýrt bátum án gilda skipstjórnarréttinda.

Með vísan til þess sem hér að ofan hefur verið rakið er ákærði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

V

Eftir úrslitum málsins, sbr. 2. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, greiðist allur sakarkostnaður málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., sem eru hæfilega ákveðin 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk útlagðs kostnaðar verjandans, samtals 47.897 krónur.

Vegna anna dómara hefur uppkvaðning dómsins dregist frá yfir frest samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála. Af hálfu dómara og aðila var ekki talin þörf á að málið yrði flutt að nýju.

Af hálfu ákæruvalds flutti mál þetta Bryndís Ósk Jónsdóttir fulltrúi.

Dóm þennan kveður upp Sigríður Elsa Kjartansdóttir dómstjóri.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, er sýkn af öllum kröfum ákæruvalds.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., 500.000 krónur, og útlagður kostnaður verjandans, 47.897 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir